

11. Viðtalstímar kjörinna fulltrúa

Tekið til umræðu viðtalstímar kjörinna fulltrúa og eftirfarandi tillaga lögð fram:

„Viðtalstímar kjörinna fulltrúa verða tveir fram á vor. Fyrri viðtalstíminn verður þann 26. mars n.k. í Stórutjarnaskóla og seinni viðtalstíminn verður 9. apríl í félagsheimilinu Ýdolum. Viðtalstímarnir verða frá kl. 20:00 til 21:30. Sveitarstjóra falið að auglýsa viðtalstímana.“

Samþykkt samhljóða.

Lagt fram til kynningar:

- Fundargerðir Dvalarheimilis aldraðra sf. frá 04.02. 2015 og 11.02. 2015
- Boðun á XXIX landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:55



Bingó Bingó - Kiðagili.

Stefnum á að halda bingó í Kiðagili
föstudagskvöldið 10. apríl.

Nánar auglýst er nær dregur.

Fjáröflunarnefnd Kvenfélagsins Hildar.

Aðalsafnaðarfundur Einarstaðasóknar

verður haldinn í Litlulaugaskóla miðvikudagskvöldið

25. mars 2015 kl. 21.

Venjuleg aðalfundarstörf

Allir velkomnir

sóknarnefnd

H.M.H.og Goðafossmarkaður ehf
minna á aðalfund sem halda á 19. apríl 2015
nánar auglýst síðar
stjórninar



Húsgagnagerð úr skógarrefni

Ólafur Oddsson Skógrækt ríkisins og
Ólafur G. E. Sæmundsen skógtæknir

Hefst 27. mars hjá Skógrækt
ríkisins á Vögllum í Fnjóskadal

Trjáfellingar með keðjusög

Björgvin Örn Eggertsson
skógfræðingur hjá Lbhí.

Hefst 24. apríl á Hólum
í Hjaltadal



Skráðu þig núna!

endurmenntun@lbhí.is - www.lbhi.is/namskeid - 433 5000

Aðalfundur
Björgunarsveitarinnar Þingeyjar
verður haldinn í húsi sveitarinnar
miðvikudaginn 25. mars kl. 20:30 .
Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin



Föstukvöld í Þorgeirskirkju

Föstukvöld verður haldið í Þorgeirskirkju
sunnudagskvöldið 22. mars kl. 20.30 (ath.
breytta tímasetningu).

Kór Reykjahlíðarkirkju, Kór Skútustaðakirkju, Kór
Einarsstaðakirkju, Kór Grenjaðarstaðakirkju, Kór
Þóroddstaðarkirkju, Kór Lundarbrekkukirkju, Kór
Þorgeirskirkju, Kór Hálskirkju, Kór Svalbarðskirkju, Kór
Laufáss- og Grenivíkurkirkju. sameinast í söng undir stjórn
Margrétar Bóasdóttur söngmálastýru Þjóðkirkjunnar, Jaan
Alavere, Petru B Pálsdóttur og Dagnýjar Pétursdóttur .

Prestarnir Þorgrímur Danielsson og Bolli Pétur Bollason
flytja hugleiðingar. Verið velkomin!

Laugum í Þingeyjarsveit. Heiti gististaðar er Tröð North.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

5. Viðbót á rekstrarleyfi – Gerði

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 5.
mars s.l. þar sem Ragnheiður Árnadóttir sækir um viðbót á rekstrarleyfi til
sölu gistinga að Gerði á Laugum í Þingeyjarsveit. Heiti gististaðar er
Laugar Guesthouse.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við viðbót rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.

6. Nýtt rekstrarleyfi – Hólavegur 4

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 5.
mars s.l. þar sem Ragnheiður Árnadóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu
gistinga á Hólavegi 4 á Laugum í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

7. Nýtt rekstrarleyfi – Lautavegur 8

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 9.
mars s.l. þar sem Bryndís Pétursdóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu
gistinga á Lautavegi 8, íbúð 01-0102, á Laugum í Þingeyjarsveit. Heiti
gististaðar er North Aurora Guesthouse.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

8. Nýtt rekstrarleyfi – Merki

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 9.
mars s.l. þar sem Stefán Tryggvason sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu
gistinga við Merki í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit. Heiti gististaðar er Merki
– sumarhús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

9. Ráðning skólastjóra við Þingeyjarskóla Á fundi sveitarstjórnar þann 26.
febrúar s.l. var samþykkt að ganga til samninga við Jóhann Rúnar Pálsson
um stöðu skólastjóra við Þingeyjarskóla. Ráðningasamningur við Jóhann
var undirritaður þann 10. mars s.l. Samningurinn lagður fram.

*Ráðningasamninginn samþykktur með sex atkvæðum. Ragnar Bjarnason sat
há.*

10. Erindi – Flugklasinn Air 66N

Fyrir fundinum liggur erindi frá Hjalta Páli Þórarinssyni, verkefnastjóra Air
66N, dags. 25. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir aðkomu
sveitarfélagsins að starfi Flugklasans Air 66N með framlagi sem nemur
300 kr. á hvern íbúa á ári í þrjú ár. Markaðsstofa Norðurlands hefur um
árabil haft umsjón með starfi Flugklasans Air 66N á Norðurlandi.
Markmið klasans er að koma á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll
allt árið um kring til framtíðar.

*Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu samkvæmt fyrirbyggjandi
erindi.*

Fundargerð

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
12.03.2015

166. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 12. mars kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ingvar Vagnsson í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 06.03.2015
2. Aðalfundarboð Norðurorku hf. 2015
3. Nýtt rekstrarleyfi – Lautavegur 6
4. Nýtt rekstrarleyfi – Tröð
5. Viðbót á rekstrarleyfi – Gerði
6. Nýtt rekstrarleyfi – Hólavegur 4
7. Nýtt rekstrarleyfi – Lautavegur 8
8. Nýtt rekstrarleyfi – Merki
9. Ráðning skólastjóra við Þingeyjarskóla
10. Erindi – Flugklasinn Air 66N
11. Viðtalstímar kjörinna fulltrúa

1. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 06.03.2015

Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 6. mars s.l. Árni Pétur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum. *Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

2. Aðalfundarboð Norðurorku hf. 2015

Lagt fram aðalfundarboð Norðurorku ehf. sem haldinn verður 27. mars. n.k. í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri.
Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

3. Nýtt rekstrarleyfi – Lautavegur 6

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 24. febrúar s.l. þar sem Margrét Höskuldsdóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistinga á Lautavegi 6 á Laugum í Þingeyjarsveit. Heiti gististaðar er Sólvellir Guesthouse.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

4. Nýtt rekstrarleyfi – Tröð

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 25. febrúar s.l. þar sem Hanna Þórsteinsdóttir sækir um, sem forsvarsmaður fyrir Tröð North ehf., nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistinga í Tröð á



Rekstur verslunar í Vaglaskógi

Auglýst er eftir rekstraraðila að versluninni í Vaglaskógi í Fnjóskadal. Verslunin er starfrækt yfir sumartímamann og er í nágrenni við tjaldsvæði og sumarhúsabyggð á svæðinu.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 3322 og 862 0025.

Umsóknafrestur er til 31. mars n.k. Þeir sem hafa áhuga á að taka að sér reksturinn sendi inn skriflegar umsókn til sveitarstjóra, Kjarna 650 Laugar, netfang dagbjort@thingeyjarsveit.is

Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar



Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag 23. mars milli kl. 10:30 og 11:30.

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er. Sími oddvita er 661 6292 og netfang arnor@thingeyjarsveit.is

Sveitarstjóri



Viðtalstími sveitarstjórnarfulltrúa

Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, sveitarstjórnarfulltrúar, verða til viðtals í Stórutjarnaskóla

fimmtudaginn 26. mars n.k. frá kl. 20:00-21:30

Sveitarstjóri



Umhverfis- og lýðheilsuþing Stórutjarnaskóla

Miðvikudaginn 25. mars nk. er foreldrum barna í Stórutjarnaskóla og öðrum íbúum í Þingeyjarsveit boðið að koma og fræðast um umhverfis – og lýðheilsuþing og vinnu nemenda þar að lútandi í skólanum. **Þingið hefst kl 13:10 og stendur til u.þ.b. 15:20.**

Aðalfyrirlesari verður **Jónas Helgason**, fyrrum menntaskólakennari, sem ræðir um eldgos og áhrif þeirra á umhverfi, loftslag og lífríki. Þá munu nemendur m.a. kynna niðurstöður úr lýðheilsurannsókn sem lögð var fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk Stórutjarnaskóla á síðasta ári. Loks mun fulltrúi Þingeyjarsveitar kynna nýlegar niðurstöður starfshóps um skipan sorphirðumála í sveitarfélaginu.

Við þetta sama tækifæri verður Stórutjarnaskóla afhentur **Grænfáninn** í 3. sinn.

Allir eru velkomnir og gott væri að sem flestir sæju sér fært að mæta til að hlýða á athyglisverðar upplýsingar um mikilvæg málefni sem eiga erindi til okkar allra.

Með góðri kveðju,
Umhverfisnefnd Stórutjarnaskóla

Kynning á AVON snyrtivörum.

AVON snyrtivöru kynning verður haldin þriðjudaginn 31. mars. á Stóru Laugum. Frá kl. 18:00 til 20:00.

Endilega komið við í kaffi og spjall og fræðist um nýjustu vörurnar frá AVON.

Margrét Helga Steindórsdóttir söluráðgjafi AVON á Íslandi.

II. tbl.
19 mars
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Árshátíð Litlulaugaskóla




Árshátíð Litlulaugaskóla verður haldin föstudagskvöldið 20. mars kl. 20:00 á Breiðumýri.

Sýnt verður leikritið *Dýrin* í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner í leikstjórn Harðar Þórs Benónýssonar og tónlistarstjórn Péturs Ingólfssonar. Þar taka allir nemendur skólans þátt, auk skólahóps Krílabæjar. Eftir sýningu verða kaffiveitingar í boði foreldra og síðan stiginn dans fram eftir kvöldi.

Miðaverð kr. 2000 fyrir fullorðna, frítt fyrir börn á grunn- og leikskólaaldri í Þingeyjarsveit.

Nemendur í 9. og 10. bekk verða með til sölu nýja símaskrá fyrir Reykjadal, lakkrispoka og hlaupöskjur og mun ágóðinn renna í ferðasjóð þeirra. Posi á staðnum.

Allir velkomnir.



Aukasýning

Verður miðvikudaginn 25. mars kl. 18:00 miðaverð kr. 1000 fyrir allan aldur.